

## Mál nr. 2/2013

### Fylkir gegn Gróttu

#### Kæra Fylkis

#### Dómkröfur:

Að framkvæmd leiksins verði dæmd ólögleg og leikurinn verði spilaður aftur á heimavelli Fylkis

#### Málavextir:

Gróttu tilnefndi ekki aðstoðardómara í leikinn eins og kveðið á um í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 19. Gr. Dómari leiksins hefði samkv. Reglugerð aldrei átt að hefja þennan leik heldur flauta hann af.

#### Lagarök:

Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 19.gr. Dómaramál kemur fram að það sé skylda að vera með aðstoðardómara í 2. Fl. kvenna. Mæti ekki aðstoðardómarar skal flauta leikinn af og setja á heimavöll útiliðsins.

#### Röksemdir:

Farið er fram á að farið sé eftir reglugerð KSÍ varðandi framkvæmd leikja í 2. fl. kvenna. En þar kemur fram að :

Ef aðstoðardómarar með tilskilin réttindi mæta ekki skal dómari flauta leikinn af eftir 30 mín og leikurinn skal þá settur á heimavöll útiliðsins.

#### Sönnunargöng:

Meðfylgjandi er afrit af skýrslu úr leik Gróttu og Fylkis þann 30. maí 2013.

#### Vitni:

Nafn: Sævar Ólafsson

Kt: 010382-5489

Heimilisfang: Vesturbergi 70

#### Virðingarfyllst,

**f.h. knattspyrnudeildar Fylkis**

Hörður Guðjónsson

#### Greinargerð Gróttu

Knattspyrnudeild Fylkis hefur kært knattspyrnudeild Gróttu fyrir ófullnægjandi umgjörð á leik liðanna tveggja í B-riðli 2. flokks kvenna þann 30. maí síðastliðinn. Í kærrunni segir að Gróttu hafi ekki tilnefnt tvo aðstoðardómara í leikinn og því er farið fram á að hann verði spilaður aftur og það á heimavelli Fylkis.

#### Atvik

Eins og tíðkast í A- og B-riðli 2. flokks tilnefndi KSÍ dómara, í þessu tilviki Samir Mesetovic. Samir var mættur tímanlega á Gróttuvöll og fór vel yfir keppnisbúninga, markmannsbúninga og notkun á hárspennum fyrir leik. Þá gerði hann athugasemd við keppnisbolta og útvegaði þjálfari Gróttu nýja og betri bolta í kjölfarið.

Þegar nálgast settan leiktíma spyr Samir Orra Axelsson þjálfara Gróttu: „Eru engir línuverðir?“ Orrir svarar því til að það séu tveir menn settir á leikinn sem hljóti að fara að koma. Þá segir Samir orðrétt: „**Ókei ekkert mál, ég dæmi bara rangstöðu.**“

Þegar liðin voru að stilla sér upp fyrir upphaf leiksins kallaði Sævar Ólafsson þjálfari Fylkis til Samir og spurði hvort að engir línuverðir yrðu á leiknum. Samir sagði svo ekki vera, hann ætlaði að dæma þetta sjálfur, og gerði Sævar ekki formlega athugasemd við það.

## Lög KSÍ

Eins og knattspyrnudeild Fylkis bendir á í kærnu sinni stendur réttilega í 19. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót: „...*hafi dómari eða aðstoðardómara með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs.*“

Í sömu grein reglugerðarinnar stendur einnig: „**Í 3. deild karla og riðlakeppni 4. Deildar karla og riðlakeppni 1. deildar kvenna skal leikur þó fara fram þrátt fyrir að aðstoðardómara tilnefndir af KSÍ mæti ekki til leiks og skal þá leikið án aðstoðardómara eða með aðstoðardómurum tilnefndum af heimaliði skv. ákvörðun dómarans.**“

Og nú spyrjum við. Hvernig í ósköpunum stendur á því að strangari reglur gilda um leiki í 2. flokki kvenna en í meistaraflokki kvenna? Er eðlilegt að í 1. deild kvenna geti leikur hafist með lögmætum hætti án aðstoðardómara, taki dómari leiksins þá ákvörðun, en ekki hjá kynsysturum þeirra í 2. flokki? Aftur má spyrja hvort að það skipti einhverju máli hvort að aðstoðardómara **hafi átt að vera** frá KSÍ eða frá heimaliði.

Að okkar mati tók Samir Mesetovic, dómari leiksins, ákvörðun um að spila án þess að hafa aðstoðardómara. Hvorugur þjálfara gerði formlega athugasemd við þá ákvörðun eða fór fram á að leikur hæfist ekki. Báðir þjálfarar eru sammála um að leikurinn hafi verið vel dæmdur og **ekkert** markanna fimm hafi komið til vegna vafamáls um rangstöðu.

## Lokaorð

Knattspyrnudeild Gróttu þykir það miður að aðstoðardómaramenn tveir sem boðaðir voru á leikinn hafi ekki látið sjá sig á settum leiktíma. Deildin leggur sig fram um að hafa dómaramál í lagi og hefur verið farið vel yfir það sem fór úrskaiðis þetta kvöld.

Miðað við atburðarásina mínúturnar fyrir leik virtist þó ekkert benda til þess að hér væri stórmál á ferð. Dómari leiksins var ákveðinn í sínum aðgerðum allt frá því að hann mætti á staðinn og þar til hann flautaði leikinn af og efaðist enginn um að hann gæti sinnt starfi sínu af kostgæfni þó að aðstoðardómara skorti.

Ef að dómari hefði krafist úrbóta eða annar hvor þjálfaranna gert formlega athugasemd og/eða neitað að hefja leik hefði þjálfari Gróttu stökkið yfir á 2. flokks æfingu og fengið þar menn í verkið. En eins og áður sagði var dómari ákveðinn í sinni ákvörðun og leikurinn fór af stað.

Knattspyrnudeild Gróttu vonar að ofangreindur texti varpi ljósi á málið og þá ákvörðun að engir aðstoðardómara hafi dæmt leikinn. Við vonum að KSÍ treysti dómgreind dómarans sem var á vegum sambandsins og styðji hann í ákvarðanatöku sinni.

Kveðja,

Knattspyrnudeild Gróttu

Úlfar Blandon

## Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

### Úrskurður aga-og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2013, þriðjudaginn 25. júní, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

#### Fyrir er tekið málið nr. 2/2013

Knattspyrnudeild Fylkis  
gegn  
Knattspyrnudeild Gróttu

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR:

I.

#### Kærandi:

Knattspyrnudeild Fylkis  
Fyrirsvarsmaður: Hörður Guðjónsson

#### Kærði:

Knattspyrnudeild Gróttu  
Fyrirsvarsmaður: Úlfar Blandon

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 4. júní s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag og barst greinargerð kærða nefndinni þann 12. júní s.l.

#### Kröfur:

Kærandi krefst þess að framkvæmd leiks Gróttu og Fylkis í 2. fl. kvenna B liða sem fram fór þann 30. maí 2013 verði dæmd ólögmæt og leikurinn verði spilaður aftur á heimavelli Fylkis.

Kærði krefst þess að úrslit leiksins standi óbreytt.

## II.

### Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að í leik Gróttu og Fylkis í 2. fl. kvenna B liða sem fram fór þann 30. maí s.l. hafi Gróttu ekki tilnefnt aðstoðardómara á leikinn eins og kveðið er á um í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Dómari leiksins hefði skv. reglugerðinni aldrei átt að hefja leikinn heldur flauta hann af eftir 30 mínútur og leikurinn hefði átt að setja á að nýju á heimavelli Fylkis. Forsvarsmenn Fylkis hafi gert athugasemdir við þetta fyrir leik.

Kærandi vísar í 19. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem fram kemur að það sé skylda að vera með aðstoðardómara í 2. fl. kvenna.

Kærði segir í greinargerð sinni að þegar liðin voru að stilla sér upp hafi þjálfari Fylkis spurt dómara leiksins hvort engir línuverðir yrðu á leiknum og dómari leiksins sagt svo ekki vera og þjálfarinn ekki gert athugasemd við það.

Kærði vísar einnig til 19. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót en þar kemur fram að í 3. deild karla og riðlakeppni 4. deildar karla og riðlakeppni 1. deildar kvenna skuli leikur fara fram þrátt fyrir að aðstoðardómarar tilnefndir af KSÍ mæti ekki til leiks og skuli þá leikið án aðstoðardómara eða með aðstoðardómurum tilnefndum af heimaliði skv. ákvörðun dómarans. Óeðlilegt sé að strangari reglur gildi um 2. flokk kvenna en meistaraflokk kvenna. Dómari leiksins hafi tekið rétta ákvörðun um að spila leikinn enda hafi hvorugur þjálfaranna gert formlega athugasemd.

## III.

### Niðurstaða:

Í máli þessu er óumdeilt að ofangreindur leikur Gróttu og Fylkis fór fram án þess að aðstoðardómarar dæmdu leikinn. Samkvæmt skýrslu dómara leiksins voru aðstoðardómarar ekki til staðar fyrir upphaf leiksins og hafi þjálfari Fylkis gert við það athugasemd. Hins vegar hafi þjálfarar beggja liða samþykkt að spila leikinn án aðstoðardómara og því hafi sú ákvörðun verði tekin að spila leikinn án þeirra.

Samkvæmt 38. gr. 1.tl. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skulu öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara og aðstoðardómara borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða ella hafi leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrotl. Þrátt fyrir að þjálfari Fylkis hafi gert við það athugasemd að ekki væru aðstoðardómarar til staðar við upphaf leiksins samþykkti hann síðar ásamt þjálfara Gróttu að spila leikinn án aðstoðardómara. Verður af þessu sökum ekki fallist á kröfu kæranda í máli þessu.

Úrslit leiks Gróttu og Fylkis í 2. flokki kvenna B liða sem fram fór þann 30. maí 2013 standa samkvæmt ofangreindu óhögguð.

## IV.

### Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Gróttu og Fylkis í 2. flokki kvenna B liða sem fram fór þann 30. maí 2013 skulu standa óhögguð.

Helgi R. Magnússon

Gunnar Guðmundsson

Sigurður I. Halldórsson

**Um áfrýjun:**

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.